

Skipulag

Fundarboðandi:	Þorvaldur H. Þórðarson	Fundarstaður:	Teams
Fundarstjóri:	Þorvaldur H. Þórðarson	Dagsetning:	09.07.2024
Fundarritari:	Þórður H. Sveinsson	Fundartími:	10:00 – 11:00

Pátttakendur: Þorvaldur H. Þórðarson (settur formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Guðbergsson (Hafrannsóknarstofnun,) Berglind Helga Bergsdóttir, Wija Ariyani (Matvælastofnun), Þórður H. Sveinsson (lögfræðingur hjá Matvælastofnun) fundarritari.

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um innflutning lifandi styrja frá Þýskalandi.

Umræða

Eftir að hafa lagt mat á þá þætti sem snúa að smithættu og sjúkdómavörnum var það samdóma álit Fisksjúkdómanefndar að mæla með því við Matvælastofnun að veitt yrði leyfi fyrir innflutningnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Að með sendingunni skal fylgja opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð þar sem fram komi að upprunaeldisstöðin í Þýskalandi uppfylli öll sett skilyrði ESB-löggjafarinnar.

Að við komuna til Íslands skal flytja styrjurnar beint í lokaða eldisstöð undir eftirliti sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma. Styrjunum skal haldið í einangrun svo lengi sem Matvælastofnun telur nauðsynlegt.

Ef smitsjúkdóma verður vart sem rekja má til þessa innflutnings og Fisksjúkdómanefnd telur varhugaverða verður öllum innfluttum dýrum eytt á kostnað eiganda.

Fleira ekki tekið fyrir.